

Nr. 48.  
10.  
nóvbr.

## L ö g

um breyting og viðauka við lög 22. nóv. 1907 um bæjarstjórn  
í Hafnarfirði.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Kjörskrá sú, er um ræðir í 7. gr. laga 22. nóv. 1907 um bæjarstjórn í Hafnarfirði, skal samin fyrir árslok og gilda fyrir almanaksárið næst eftir, þótt aukakosning í bæjarstjórn fari fram á því ári. Þó skal kjörstjórn leyfa þeim að kjósa, er á kjördegi sannar fyrir henni, eða henni er full vitanlegt, að fullnægt hefir skilyrðum fyrir kosningarjetti síðan kjöskrá var samin.

2. gr.

Aukaniðurjöfnun þá, sem eftir 22. gr. sömu laga á að fara fram í júní, má bæjarstjórn láta fara fram í maí.

3. gr.

Gjalddagi bæjargjaldanna skal vera einn á ári hverju, hinn 1. dag júlímánaðar. Sá, sem settur er á aukaniðurjöfnunarskrána, er skyldur að greiða skatt frá þeim tíma, er hann flutti sig til kaupstaðarins, nema hann fyrir nokkuð af þeim tíma hafi greitt útsvar annarstaðar.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaluborg, 10. nóvember 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*H. Hafstein.*

Nr. 49.  
10.  
nóvbr.

## L ö g

um eignarnámsheimild fyrir bæjarstjórn Ísafjarðar á lóð  
og mannvirkjum undir hafnarbyggju.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðar veitist heimild til að láta eignarnám fara fram á lóð og mannvirkjum undir hafnarbyggju og byggingar og svæði í sambandi við byggjuna.

Undanteknar eru þó hafnarbryggjur þær, sem fyrir eru, og vörugæmsluhús við bryggjurnar. Þessi mannvirki má ekki taka eignarnámi, nema ný lagaheimild komi til.

Nr. 49.  
10.  
nóvbr.

## 2. gr.

Eignarnámið skal framkvæmt af tveim dómkvöddum óvilhöllum mönnum, er ekki eiga sæti í bæjarstjórninni.

Bæjarsjóður Ísafjarðar greiðir allan matskostnaðinn.

## 3. gr.

Lög þessi koma þá fyrst til framkvæmda, er trygt hefir verið nægilegt fje til hafnarbryggjugerðarinnar.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 10. nóvember 1913.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

**H. Hafstein.**

## L ö g

um að landssjóður leggi Landsbankanum til 100 þúsund krónur á ári í næstu 20 ár.

Nr. 50.  
10.  
nóvbr.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danimerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Landssjóður leggur Landsbankanum til árlega næstu 20 ár 100 þúsund krónur til þess að greiða með lán Landsbankans, 2 miljónir, sem tekið var samkvæmt lánsheimild í lögum nr. 82, 22. nóvember 1907.

Landssjóður skal vera innskotseigandi (i n t e r e s s e n t) að þessu fje. Skal hann af því fá sömu hlutdeild, sem hann mundi fá af jafnhárrí hlutafjárupphæð, af hreinum tekjuágóða bankans, í hlutfalli við annað eignarfje hans.

Í þessu efni skal skoða seðla landssjóðs sem eign bankans.

Uns lánið, sem nú er, er að fullu greitt, greiðir bankinn vöxtu af því (þeim hluta þess, sem á hverjum tíma er ógreiddur).